

Skimun – screening - kembileit

Kembileit er gerð til þess að finna sjúkdóma snemma á sjúkdómsferlinum og með því bæta horfur eða lækna sjúklinga

Skimun - screening - kembileit

- Kembileit felst í því að beita ákveðinni rannsókn eða prófi á fólk sem er einkennalaust í þeim tilgangi að flokka það með tilliti til líkindanna á að það hafi ákveðinn sjúkdóm.
- Kembileitarprófið sjálft greinir ekki sjúkdóma.
- Þeir sem koma jákvætt út á kembileitarprófinu þurfa að fara í nákvæmari lækni skoðanir til þess hægt sé að skera úr um það hvort þeir hafa sjúkdóminn eða ekki.

Skimun - screening - kembileit

- Bak við hugtakið kembileit eru þær viðteknu forsendur að finnist vísbendingar um sjúkdóm áður en einkenni hans koma fram þá séu horfur betri vegna þess að meðferð sem hafin er áður en sjúkdómur er farinn að valda veikindum sé árangursríkari en meðferð sem er veitt seinna.

Kembileit - sjúkdómurinn

- Heppilegir sjúkdómar fyrir kembileit:
- Sjúkdómurinn er alvarlegur
- Til er meðferð við sjúkdómnum
- Meðferð veitt snemma leiðir til minni veikinda og/eða lægri dánartíðni sjúkdóms
- Algengi þessa einkennalaus sjúkdóms verður að vera hátt í hópnum þar sem kembileitin á að fara fram

Kembileit - sjúkdómurinn

- Tímaás:
 - Líffræðileg byrjun
 - Sjúkdómur finnanlegur í kembileit
 - Einkenni sjúkdóms koma fram
 - Sjúkdómur leiðir til dauða

Kembileit – óheppilegir sjúkdómar

- Lungnakrabbamein
- Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli
- Gallsteinar


Kembileit – algengi sjúkdóms

- Detectable preclinical phase (DPCP)
- Greinanlegur á forklínisku stigi
- Algengi sjúkdóms sem greinanlegur er á forklínisku stigi þarf að vera hátt
- Kostnaður kembileitarinnar miðað við fjölda greindra tilfella
- Hækka algengið – áhættuhópar, fjölskyldur

Kembileit – heppilegir sjúkdómar

- Hár blóðþrýstingur
- Phenylketonuria (PKU)
- Leghálskrabbamein
- Brjóstakrabbamein
- Ristilkrabbamein


Dreifing sjúkra og frískra




Næmi og sértæki

- Næmi: Fjöldi sjúkra sem eru flokkaðir sem sjúkir deilt með heildar fjölda sjúkra
- Sértæki: Fjöldi frískra sem eru flokkaðir sem frískir deilt með heildar fjölda frískra

Algengi hátt



Algengi lágt



Skimun - kembileit

- Framkvæmanleiki – feasibility
 - Afkastageta, taka boðaðir þátt
 - Svarar leitin kostnaði
 - Greining og meðferð þeirra sem koma út jákvæðir
 - Fjöldi tilfella, sem kembileitin gefur af sér
- Gagn – efficacy

Skimun, kembileit - Gagnsemi

- Gagnsemi kembileitar mæld í minni sjúkleika eða lægri dánartíðni vegna sjúkdómsins sem leitað er að
- Gera verður hóprannsókn og bera saman dánartíðni milli þeirra sem boðið er til kembileitar og hinna sem ekki er boðið til kembileitar
- Meiri hættu á skekkjum en í öðrum hóprannsóknum
- Breyting á stigun

Skimun, kembileit - Gagnsemi

- Hverjir koma í leitina:
- Þeir sem eru heilsuhraustir
- Þeir sem hafa áhyggjur af heilsunni
- Þeir sem koma í leit haga sér öðruvísi en hinir sem ekki koma

Skimun, kembileit - Gagnsemi

- Forskotstími – lead time
- Tímabilið frá því að sjúkdómur greinist vegna kembileitar þar til hann hefði uppgötvast vegna einkenna
- Ef ekki er tekið tillit til forskotstímans í samanburðinum kemur upp forskotstíma skekkja, lead time bias

Skimun, kembileit - Gagnsemi

- Forskotstími í brjóstakrabbameins leit:
 - Líffræðileg byrjun við 35 ára aldur
 - Sjúkdómur finnanlegur í kembileit, 40 ára
 - Sjúkdómur greinist vegna kembileitar í konu A 41 árs
 - Sjúkdómur greinist vegna einkenna í konu B 43 ára
 - Konurnar A og B deyja úr brjóstakrabbameini 46 ára

Skimun, kembileit - Gagnsemi

- Lengdar skekkja – length bias:
- Stafar af löngu forklínísku stigi, sem er tengt náttúrulegum gangi sjúkdóms, sem getur verið mjög mismunandi milli einstaklinga
- Þeir einstaklingar sem hafa sjúkdóm með löngu forklínísku stigi finnast frekar í kembileit